


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	<b>Áfangaheiti LOK 103</b> <b>Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>	

<b>Kennarar</b>	Davíð Guðmundsson, Karl Hjartarson, Pórhallur Ragnarsson	<b>Sk.st.</b>	DIG,KHJ,PHR
-----------------	--	---------------	-------------


### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í hinum ýmsu þáttum námsins. Nemendur velja verkefni í samvinnu við kennara í upphafi annar og gera því næst verk- og kostnaðaráætlanir og önnur gögn er verkið varða. Æskilegt er að verkefni tengist atvinnulífinu og sé unnið í samstarfi við fyrirtæki en það getur einnig verið hreint skólaverkefni sem tengist vinnu nemenda í öðrum áföngum. Í upphafi áfanga er mikilvægt að nemendur fái sameiginlega kynningu á aðferðafræði verkefnavinnunnar og þeim kröfum sem skólinn gerir varðandi gæði verkefna, faglega breidd og dýpt, umfang, efnistöð, framsetningu, frágang. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni ýmist einir sér eða tveir saman að lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda en nauðsynlegt er að þeir hafi aðgang að kennurum og e.t.v. einnig aðilum í atvinnulífinu sem gætu veitt leiðsögn í verkefnavinnunni. Í lok áfangans leggja nemendur fram verkefni sín og kynna þau innan skólans.

### Markmið:

Nemandi

- þekki til vinnubragða við undirbúning og framkvæmd sjálfstæðrar verkefnavinnu
- geti skilgreint viðfangsefni, sett sér markmið og gert verk- og kostnaðaráætlanir
- geti gert vinnulýsingu og vinnuteikningar
- geti útfært og unnið eftir verkáætlun, vinnulýsingu, teikningum o.s.frv.
- geti valið efni, búnað og aðferðir við hæfi
- geti framkvæmt viðeigandi prófanir og mælingar vegna verkefnisins
- kunni skil á öryggis- og reglugerðarákvæðum sem verkið varða
- geti aflað sér viðeigandi upplýsinga og nýtt sér leiðsögn og ráðgjöf annarra
- geti skrifað greinargóða skýrslu um verkefni
- geti gert öðrum grein fyrir verkefni sínu, kynnt það og útskýrt einstaka þætti þess

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>Áfangaheiti LOK 103</b> <b>Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>	
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 3		

**Námsgögn:** Allt námsefni rafiðnbrautar, tæknilegir tengiskilmálar og íslenskur staðall um raflagnir IST 200, 2006. Einnig allar þær upplýsingar sem nemendur afla sér um væntanlegt verkefni.

#### **Áætlun um yfirferð:**

Nemendur setja upp verkáætlun í samráði við umsjónarkennara verkefnisins eftir eðli þess.


#### **Verkefni:**

Verkefni eru valin af nemendum í samráði við kennara og umfang þeirra sniðið að stærð áfanga og fjölda nemenda sem taka þátt í viðkomandi verkefni.

#### **Námsmat og vægi námsþátta:**

Byggt er á verkefnavinnu, skýrslu og kynningu á niðurstöðum. Lágmarkseinkunn til að standast áfangann er 5.

#### **Dagsetning:**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>Áfangaheiti LOK 103</b> <b>Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils